

**SAMBAND ÍSLENSKRA KVIKMYNDAFRAMLEIÐENDA (SÍK)**

**FÉLAG KVIKMYNDAGERÐARMANNA (FK)**

**SAMTÖK KVIKMYNDALEIKSTJÓRA (SKL)**

**Menntamálanefnd Alþingis**

**Umsögn um Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.**

Þskj. 56 — 56. mál.

Við leggjum megináherslu á að lögin um Ríkisútvarpið ohf hafi þann tilgang að efla RÚV sem útvarp í almannabágu. Því takmarki má meðal annars ná með því að auka verulega sýningar á innlendu sjónvarpsefni, svo sem leiknum sjónvarpsþáttum og heimildamyndum sem endurspegla íslenskan veruleika. Þannig getur RÚV orðið öflugt menningartæki, skýr samfélagsspegill og eflt skilning Íslendinga á eigin samfélagi og umheiminum.

Við teljum að framlagt frumvarp geti stuðlað að þessum markmiðum og hvetjum því til þess að það það verði samþykkt.

Þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins, sem byggir á þessu frumvarpi, mun þó ráða mjög miklu um hvort ofangreind markmið náist.

Í nýlegu svari Bjarna Guðmundssonar framkvæmdastjóra Sjónvarpsins við bréfi SÍK virðast stjórnendur Ríkisútvarpsins ætla að toga og teygja skilgreiningar þeirra hugtaka sem liggja til grundvallar starfsemi Sjónvarpsins þannig að bæði lögin og þjónustusamningurinn verða marklaus plögg sem litlu eða engu munu skila.

Við viljum vekja athygli löggjafans á þessum skilgreiningum Sjónvarpsins sem ekki verður betur séð en brjóti í bága við lög og reglur.

Það er mikilvægt að vilji löggjafans sé skýr um þessi atriði sem svo miklu munu ráða um hvort þetta frumvarp nái tilgangi sínum.

**1. Skilgreining RÚV á innlendu efni.**

**Í bréfi framkvæmdastjóra Sjónvarpsins segir:**

“Innlent dagskrárefni (undirstr.okkar) telst allt það efni sem framleitt af Sjónvarpinu sjálfu eða sjálfstæðum framleiðendum. Jafnframt telst efni innlent þegar efni af erlendum uppruna er fellt inn í innlenda þætti og það hefur verið talsett, textað og tilreitt sem innlent efni. Fréttir eru til að mynda innlent efni, en innan þeirra eru fréttamyndir teknar erlendis. Sama gildir um aðra samsetta dagskrá, íþróttir, Stundina okkar, Nýjustu tækni og vísindi, Kastljósið og aðra samsetta þætti”.

## Athugasemdir SÍK, FK og SKL

Í 7. grein útvarpslaga nr. 53 segir:

“Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni (undirstr. okkar) og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádrögnum (undirstr. okkar) þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu.” (undirstr. okkar)

Skv. svari RÚV er allt efni s.s. fréttir og íþróttir flokkað sem innlent dagskrárefni, jafnvel erlent íþróttæfni sem einungis hefur verið talsett og textað. Þessi víða skilgreining er gagnstæð tilgangi útvarpslaga eins og sjá má á tilvitnun í 7. gr. hér að ofan. Þar er rætt um hlutfall íslensks dagskráefnis í útsendingartíma og sérstaklega tekið fram að íþróttir og fréttir eru undanskilin þegar rætt er um innlent dagskráefni. Það verður ekki annað séð en að forráðamenn RÚV gangi skrefinu lengra í því að rugla saman hugtökum þegar þeir fella jafnvel erlent fréttar- og íþróttæfni inn í sitt “innlenda dagskrárefni”.

Í 3. gr. þjónustusamningsins segir:

“RÚV skal leggja áherslu á íslenskt sjónvarpsefni og skal hlutfall þess á kjörtíma, á milli kl. 19.00 og 23.00, vera 65% við lok samningstímans sem er tæplega 50% aukning frá árinu 2005 en þá var hlutfallið 44%.”

Hér er því slegið fram að nú þegar sé hlutfall *íslensks sjónvarpsefnis* 44% á kjörtíma og að það skuli vera 65% við lok samningstímans árið 2011. Samkvæmt skilgreiningu RÚV á íslensku sjónvarpsefni er enginn greinamunur gerður á hugtökunum “íslenskt dagskrárefni” og “íslenskt sjónvarpsefni” (sjá m.f. svar Sjónvarpsins). Með því að skilgreina allt efni sem sent er út með innlendu tali eða texta, þ.m.t. íþróttir og talsett barnæfni sem “innlent dagskrárefni” (sbr. svar Sjónvarpsins) þá er hægur vandi að ná 44% og seinna 65% “íslensku sjónvarpsefni” á kjörtíma. Vandinn er bara sá að þegar mörkin milli erlends efnis og innlends hafa verið nánast þurrkuð út með þessum hætti þá verður erfitt að ræða um aukningu á innlendra dagskrá við þá sem telja það nægja að talsetta erlenda barnamynd um t.d. bandarísk skólabörn (sem er felld inn í barnatíma) og að þar með sé myndin orðinn hluti af innlendra dagskrá. Íþróttæfni hefur tilhneigingu til þess að taka mikið rými í dagskrá, og þegar erlent slíkt efni er orðið að hluta til innlent sjónvarpsefni þá er ástandið orðið harla gott þegar það er sett fram í skýrsluformi um magn innlendra dagskrár. Tilgangur þjónustusamningsins er væntanlega ekki sá að leika sér með tölur, hann hlýtur að vera gerður til þess að auka veg innlendra dagskrár og efla hlutverk RÚV sem útvarps í almannapágu.

## 2. Skiigreining RÚV á hugtakinu Sjálfstæðir framleiðendur

## Í bréfi framkvæmdastjóra Sjónvarpsins segir:

“Sjálfstæðir framleiðendur teljast þau fyrirtæki og einstaklingar (undirstr.okkar) sem starfa sjálfstætt við framleiðslu dagskrárefnis eða einstaka þætti framleiðslunnar. Hér er bæði átt við fyrirtæki og einstaklinga sem vinna við almenna kvikmyndagerð og sjónvarpsþáttaframleiðslu og einstaka verkþætti (undirstr. okkar) fyrir Sjónvarpið t.d. kvikmyndatöku, klippingu, leikmyndagerð, hljóðsetningu, handritsgerð, upptökustjórn o.s.frv. Oftast nota þessir aðilar eigin tæki og búnað við framleiðsluna. Upptökustjórar, skriftur, tókumenn o.fl. sem vinna sem verktakar að framleiðslu fastra þátta Sjónvarpsins eru ekki meðtaldir”.

## Athugasemdir SÍK, FK og SKL

Í útvarpslögum segir: “Það telst vera sjálfstæður framleiðandi í merkingu 1. mgr., ef ein sjónvarpstöð á ekki meira en 1/4 hluta í framleiðslufyrirtækinu (undirstr. okkar) eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu, enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en 9/10 hluta (undirstr. okkar) af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð”.

Í reglugerð um Kvikmyndamiðstöð Íslands segir: “Sjálfstæður framleiðandi er fyrirtæki sem hefur kvikmyndagerð að meginstarfi (undirstr. okkar). Sjónvarpsstöðin má ekki vera með ráðandi eignarhlut á framleiðslunni, né heldur má sjónvarpsstöðin vera með ráðandi eignarhlut í sjálfstæðu framleiðslufyrirtæki sem sækir um styrk vegna leikins sjónvarpsefnis, hvort sem litið er til eignaraðildar, hlutfjáreignar eða höfð hliðsjón af viðskiptalegri stöðu. Ráðandi eignarhlutur telst það vera þegar ein sjónvarpsstöð á meira en 25% hlut í framleiðslufyrirtæki (eða eignarhlutur tveggja eða fleiri sjónvarpsstöðva er 50% eða meiri) eða þegar meira en 90% af veltu framleiðslufyrirtækis (undirstr. okkar) á þriggja ára tímabili”

Eins og sjá má á þessum tilvitnunum eru lög og reglugerðir sem fjalla um þessa skilgreiningu samræmdar og þar er rætt um fyrirtæki og framleiðslufyrirtæki sem framleiða kvikmyndaefni en ekki einstaklinga sem stunda margvísleg störf innan sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækja. Í svari RÚV eru t.d. leikmyndagerðarmenn og handritshöfundar taldir til “sjálfstæðra framleiðenda”.

Hver er tilgangur þess að víkka út skilgreiningu hugtaksins eins og RÚV gerir?

28. febrúar 2004 skrifar Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri Sjónvarpsins í Morgunblaðið:

“Það (RÚV) hefur undanfarin fimm ár (frá 1999, innsk okkar) keypt efni af sjálfstæðum framleiðendum fyrir að meðaltali nálægt 140 milljónum á ári”.

Í þjónustusamningnum segir að:

“RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV skal gerast kaupandi eða

*meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj.kr.*

Ef RÚV breytir ekki skilgreiningu sinni á því hverjir teljast sjálfstæðir framleiðendur þá er það lítið verk að bæta við 10 milljónum kr. árið 2008 til þess að uppfylla samningsákvæðin.

Ennfremur ber að líta á ákvæði um að aðili teljist ekki sjálfstæður framleiðandi ef 9/10 verkefna hans er framleitt fyrir sömu sjónvarpsstöð. Stór hluti þeirra starfsmanna sem RÚV vill skilgreina sem sjálfstæða framleiðendur eru einstaklingar sem vinna nær eingöngu fyrir RÚV. Tollstjóri og skattayfirvöld hafa gert athugasemdir við fyrirkomulag RÚV og telja að hér sé á ferðinni s.k. ólögleg gerfiverktaka. Af þessu sést hversu langt forráðamenn RÚV teygja sig til þess að hafa hugtök og skilgreiningar þannig að þau henti þeim en hjálpi lítt til þess að skapa skilgreinda orðræðu sem hefur þann tilgang að auka og efla hlut RÚV í íslenskri kvikmyndagerð meðal sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda.

### **3. Hverjar eru skilgreiningar og reglur þær sem stofnunin fer eftir þegar um er að ræða “meðframleiðslu”**

#### **Í bréfi framkvæmdastjóra Sjónvarpsins segir:**

“Ekki eru til skráðar skilgreiningar varðandi þetta atriði. Þegar rætt er um sam- eða meðframleiðslu er almennt átt við að Sjónvarpið taki þátt í framleiðslunni með því að bera kostnað af hluta verks annað hvort með beinum greiðslum eða með því að leggja til mannskap og/eða tæki eð búnað. Þegar þetta hefur verið gert hefur framlag Sjónvarpsins verið metið til verðmæta og í sumum tilfellum hefur Sjónvarpið eignast hlut í verkinu. Sjónvarpið hefur einnig veitt framleiðendum fyrirgreiðslu í ýmsu öðru formi s.s. með forkaupum á verkefnum, hjálpað til við kynningu á framleiðslu erlendis, skrifað upp á vilyrði o.fl.”

#### **Athugasemdir SÍK, FK og SKL**

Það eru til viðurkenndar skilgreiningar á samframleiðslu, m.a. er það skýrt tekið fram í reglum MEDIA-áætlunar ESB/EES og samningi milli Íslands og Kanada um samframleiðslu kvikmynda í hverju samframleiðsla felst. Á sama hátt og í fyrri dæmum hér að ofan þá leitast RÚV við að hafa skilgreiningar víðar og óljósar. Það er munur á samframleiðslu, forkaupum, vilyrðum og öðrum samningum um þátttöku fyrirtækja í samframleiðsluverkefnum og sá munur þarf að vera ljós og vel skilgreindur í samningum milli Sjónvarpsins og sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda.

Ef forráðamenn RÚV fallast ekki á að fara eftir viðurkenndum og augljósum skilgreiningum á þeim hugtökum sem eru lykillinn að virkni þjónsutusamningsins gagnvart íslenskum kvikmyndagerðarfyrirtækjum þá er hann ekki að þjóna þeim markmiðum sem menntamálaráðherra hyggst ná með undirritun hans.

Reykjavík 6. nóvember 2006

F.h. SÍK

---

Baltasar Kormákur

F.h. FK

---

Björn Br. Björnsson

F.h. SKL

---

Friðrik Þór Friðriksson

Meðfylgjandi:

Ályktun SÍK og beiðni um útskýringar

Svar RÚV

## **Framleiðendafélagið SÍK ályktar um samning RÚV og menntamálaráðuneytis:**

Stjórn Framleiðendafélagsins SÍK fagnar nýjum þjónustusamningi milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins þar sem m.a. er kveðið á um verulega aukinn hlut íslensks dagskrárefnis í Sjónvarpinu á næstu fimm árum.

Í samningnum er tilgreint hvaða upphæðum RUV skuli verja árlega að lágmarki til kaupa eða meðframleiðslu á leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni.

Til þess að glöggva sig betur á því hvað við er átt í samningnum kallar Framleiðendafélagið SÍK eftir skilgreiningum stofnunarinnar (RÚV) á eftirtöldu:

1. Hver er skilgreining stofnunarinnar (RÚV) á innlendu efni?
2. Hver er skilgreining stofnunarinnar (RÚV) á leiknu efni?
3. Hvernig skilgreinir stofnunin (RÚV) annars vegar fréttir og hins vegar íþróttir.
4. Er greinarmunur gerður á hugtökunum “íslenskt dagskrárefni” og “íslenskt sjónvarpsefni” innan stofnunarinnar (RÚV)?
5. Hver er skilgreining stofnunarinnar á heitinu “sjálfstæður framleiðandi”?
6. Hverjar eru skilgreiningar og reglur þær sem stofnunin fer eftir þegar um er að ræða “meðframleiðslu”.

Þar sem skilningur manna á ofangreindu hefur verið með ýmsu móti er nú rétt að kalla eftir skýrum svörum til að eyða öllum vafa um hvert stefnir í reynd með hinum nýja samningi.

Þá hvetur stjórn Framleiðendafélagsins SÍK Alþingi til að flýta afgreiðslu nýrra laga um breytt rekstrarform RÚV.

### **f.h. Framleiðendafélagsins SÍK**

Baltasar Kormákur, formaður, Skúli Malmquist, ritari, Kristín Atladóttir, gjaldkeri, Friðrik Þór Friðriksson, Hjálmtýr Heiðdal, Ásthildur Kjartansdóttir, varamaður og Elísabet Ronaldsdóttir, varamaður.

## Svar Sjóvarpsins við fyrirspurn Framleiðendafélagsins SÍK frá 13. október 2006

Til þess að glöggva sig betur á drögum að þjónustusamningi Menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins hefur Framleiðendafélagið SÍK kallað eftir skilgreiningu stofnunarinnar á eftirtöldu:

- 1. Hver er skilgreining stofnunarinnar (RÚV) á innlendu efni?**

Flokkun og skráninga dagskrárefnis er í stórum dráttum samræmd hjá stöðvum innan Evrópusambands sjónvarpsstöðva EBU. Sjónvarpið hefur á undanförunum árum aðlagð skráningu sína til samræmis þeim aðferðum sem viðhafðar eru innan EBU og hefur sérstaklega verið horft til systurstöðva RUV á Norðurlöndunum.

Innlent dagskrárefni telst allt það efni sem framleitt er innanlands af Sjónvarpinu sjálfu eða sjálfstæðum framleiðendum. Jafnframt telst efni innlent þegar efni af erlendum uppruna er fellt inn í innlenda þætti og það hefur verið talsett, textað og tilreitt sem innlent efni. Fréttir eru til að mynda innlent efni, en innan þeirra eru fréttamyndir teknar erlendis. Sama gildir um aðra samsetta dagskrá, íþróttir, Stundina okkar, Nýjustu tækni og vísindi, Kastljósið og aðra samsetta þætti.
- 2. Hver er skilgreining stofnunarinnar (RÚV) á leiknu efni?**

Til innlends leikins efnis teljast íslenskar kvikmyndir, sjónvarpsleikrit og leikið efni sem stendur sjálfstætt í annarri dagskrá t.d. leikið efni í Stundinni okkar og öðrum samsettum þáttum. Spaugstofan og Skaupið flokkast einnig sem leikið efni þó það efni falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu á „drama“.
- 3. Hvernig skilgreinir stofnunin (RÚV) annars vegar fréttir og hins vegar íþróttir?**

Fréttir eru það efni sem birt er í fréttum, fréttabáttum og fréttaskýringabáttum. Íþróttæfni er dagskrárefni um íþróttir, bæði unnið efni og beinar útsendingar. Íþróttir í fréttum eru fréttir.

Íþróttæfni í samantektarþáttum (Hélgarsport/Íþróttakvöld) geta verið bæði fréttir og dagskrárefni.
- 4. Er greinarmunur gerður á hugtökunum „íslenskt dagskrárefni“ og „íslenskt sjónvarpsefni“ innan stofnunarinnar (RÚV)?**

Þessi hugtök hafa sömu merkingu þegar verið er að ræða um dagskrá í sjónvarpi.
- 5. Hver er skilgreining stofnunarinnar á heitinu „sjálfstæður framleiðandi“?**

Sjálfstæðir framleiðendur teljast þau fyrirtæki og einstaklingar sem starfa sjálfstætt við framleiðslu dagskrárefnis eða einstaka þætti framleiðslunnar. Hér er bæði átt við fyrirtæki og einstaklinga sem vinna við almenna kvikmyndagerð og sjónvarpsþáttaframleiðslu og einstaka verkþætti fyrir Sjónvarpið t.d. kvikmyndatöku, klippingu, leikmyndagerð, hljóðsetningu, handritsgerð, upptökustjórn o.s.frv. Oftast nota þessir aðilar eigin tæki og búnað við framleiðsluna. Upptökustjórar, skriftur, tókumenn o.fl. sem vinna sem verktakar að framleiðslu fastra þátta Sjónvarpsins eru ekki meðtaldir.

6. **Hverjar eru skilgreiningar og reglur þær sem stofnunin fer eftir þegar um er að ræða „meðframleiðslu“?**

Ekki eru til skráðar skilgreiningar varðandi þetta atriði. Þegar rætt er um sameða meðframleiðslu er almennt átt við að Sjónvarpið taki þátt í framleiðslunni með því að bera kostnað af hluta verks annaðhvort með beinum greiðslum eða með því að leggja til mannskap og/eða tæki eða búnað. Þegar þetta hefur verið gert hefur framlag Sjónvarpsins verið metið til verðmæta og í sumum tilfellum hefur Sjónvarpið eignast hlut í verkinu. Sjónvarpið hefur einnig veitt framleiðendum fyrirgreiðslu í ýmsu öðru formi s.s. með forkaupum á verkefnum, hjálpað til við kynningu á framleiðslu erlendis, skrifað upp á vilyrði o.fl.